



Hreppsnefnd 07.09.06

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 7. sept. 2006
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mættir Aðalbjörn Björnsson, Þórdís Þorbergsdóttir, Einar Víglundsson, Guðrún Anna Guðnadóttir, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Vigfús Davíðsson og Ólafur Ármannsson.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 24. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 24. ágúst sl.

Oddviti kvaddi sér hljóðs undir þessum tölulið og ræddi um viðtalstíma sveitarstjórnarmanna, fyrirkomulag þeirra og fjölda. Rætt var um að þessir tímar væru tvisvar í mánuði. Enn fremur var rætt um sérstaka viðtalstíma sveitarstjóra.

Fyrirkomulag þetta var samþykkt og verður nánar auglýst á næstunni.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð Umhverfismálanefndar frá 1. sept. sl.

Lögð fram fundargerð umhverfismálanefndar frá 1. sept. sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð húsnæðisnefndar frá 5. sept. sl.

Lögð fram fundargerð húsnæðisnefndar frá 5. sept. sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. mál Sóknarnefndir Vopnafjarðar -og Hofskirkju, organisti.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir beiðni sóknarnefndar Vopnafjarðar- og Hofskirkju um aðkomu sveitarfélagsins að því að ráða nýjan organista til starfa á Vopnafirði.

Í máli þeirra kom fram að sóknarnefndirnar hefðu augastað á tónlistarmanni frá Litháen til starfans. Ljóst væri að organistastarfið væri einungis hlutastarf og er því óskað eftir að sveitarfélagið komi með einhverjum hætti að málum. Hugsanlega með starfi í grunnskólanum að hluta og eða annarsstaðar og með því að vera innan handar um úttegun á húsnæði.

Nokkrar umræður urðu síðan um málið. Í máli fundarmanna kom fram að ráðning organista væri ekki á hendi sveitarfélagsins heldur á vegum sóknanna. Samþykkt var að koma að málinu með því að sveitarfélagið mundi ráða viðkomandi í sem svaraði 20 % starfshlutfalli tímabundið til árs og vera jafnframt innan handar með úttegun á húsnæði fyrir starfsmanninn, nái sóknarnefndirnar samkomulagi við hann.

5. mál Ráðningarsamningur sveitarstjóra kynntur.

Sveitarstjóri vék af fundi undir umfjöllun þessa málsliðar.

Oddviti lagði síðan fram ráðningarsamning sem gerður hefur verið við sveitarstjóra. Gerði hann grein fyrir samningnum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

6. mál Húsnæðismál, sala eigna ofl.

Lögð fram drög að yfirlit yfir sölu eigna, þar sem fram kemur söluvirði eignanna, framlag Varasjóðs íbúðalána og heildaruppgreiðsluvirði áhvílandi lána, en alls lækka skuldir sveitarfélagsins um 51,8 m.kr. með sölu þessara eigna. Um er að ræða 6 félagslegar leiguíbúðir sem voru í eigu sveitarfélagsins að Lónabraut 43, Lónabraut 39, Lónabraut 37, Lónabraut 34, Vallholti 19 og

Þverholti 15.

Jafnframt var kynnt tilboð í Hafnarbyggð 26.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi yfirliti og svaraði fyrirspurnum fundarmanna varðandi ofangreinda sölusamninga. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með fyrirbyggjandi samninga, sem fækkuðu leiguíbúðum í eigu sveitarfélagsins og gæfi eistaklingum kost á að eignast sitt eigið húnæði og festa sig þar með betur í sessi í sveitarfélaginu.

Á grundvelli þessa samþykkir hreppsnefnd fyrirbyggjandi samninga, sem eru í samræmi við fyrri samþykkt hreppsnefndar, þar sem sveitarstjóra var falið að kanna möguleika á sölu eignanna.

7. mál Ýmis bréf og fundargerðir:

a) Kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra fornleifarannsóknna að Hofi dags. 14. júlí sl.
Samþykkt að óska eftir framlagi til rannsóknanna hjá fjárlaganefnd Alþingis.

b) Menningarráð Austurlands Aðalfundarboð, en fundurinn verður 14. sept. nk.
Samþykkt að Þorsteinn Steinsson verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps og til vara Magnús Már Þorvaldsson

c) Fundargerð heilbrigðisefirlits Austurlands (send í tölvupósti).
Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.